

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Skaftárhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

*Deiliskipulag áningarstaðar við Fagrafoss.*

Deiliskipulagið nær til um 2,9 ha svæðis. Tillagan gerir ráð fyrir salernum, bílastæðum og gönguleiðum með tveimur útsýnisstöðum.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt með breytingum í sveitarstjórn 17. maí 2013.

*Deiliskipulag við Fjaðrárgljúfur.*

Deiliskipulagið nær til 21 ha svæðis. Innan afmörkunar svæðisins er gert ráð fyrir bílastæðum, gönguleiðum, útsýnisþöllum og salernisaðstöðu.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt með breytingum í sveitarstjórn 17. maí 2013.

*Deiliskipulag fyrir áningarstað við Dverghamra.*

Stór hluti skipulagssvæðisins var friðlýstur árið 1987. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir bílastæði og salerni fyrir utan hið friðlýsta svæði og göngustíg innan svæðisins. Lokað verður fyrir núverandi slóða.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt með breytingum í sveitarstjórn 17. maí 2013.

*Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar Hæðargarðs.*

Í deiliskipulaginu felst skilmálabreyting þannig að leyfileg hæð útveggja og rishæðar hækkar og eignarhald á lóðum er endurskilgreint. Jafnframt er hnitakerfi uppfært frá eldra skipulagi.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt í sveitarstjórn þann 17. maí 2013.

*Breyting á deiliskipulagi urðunar á Stjórnarsandi.*

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu vegna urðunar á Stjórnarsandi. Breytingin felur í sér að sá hluti urðunarsvæðis sem nýttur hefur verið til urðunar ösku úr sorpbrennslu verður nýttur fyrir urðun heimilissorps.

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt með breytingum í sveitarstjórn 10. maí 2013.

*Vik, 30. september 2013.*

F.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps,

**Vigfús Þór Hróbjartsson**, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.